

Þér er boðið á ráðstefnu um framtíð landsins þar sem þú getur nýtt þér rétt þinn til að velja og hafna þeirri framtíðarsýn sem er nú í boði ríkisstjórnarinnar.

Valið stendur á milli stóriðju eða hugvitsiðju, eyðileggingar eða uppbyggingar.

Valið er í þínum höndum. Ráðstefnan er í huga þér.



Kárahnjúkar



Dynkur



Aldeyjarfoss

Vísindaháskólinn
Sjávarútvegurinn
Hátækniíðnaðurinn
Þekkingariðnaðurinn
Útflutningsgreinarnar
Kvikmyndaiðnaðurinn
Ferðamannaíðnaðurinn
Sjálfstæði Íslendinga
vs STÓRIÐJAN

Vissir þú að ...

- 1) . . . eftirfarandi svæði eru í bráðri hættu eða verða fyrir umtalsverðu raski vegna stóriðjuframkvæmda; Torfajökulsvæðið, Landmannalaugar, Skjálfandaflljót, Skaftá, Jökulsár Skagafjarðar, Kerlingafjöll, Brennisteinsfjöll, Krísuvík, Langisjór, Þjórsá, Aldeyjarfoss, Lagarfljót, Þeistareykir, Gjástykki, Töfrafoss, Lindur, Jökla og Dynkur. Ótal fleiri svæði eru í bráðri hættu.
- 2) . . . Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi á eftirfarandi stöðum: í Brennisteinsfjöllum, á Gjástykki og nágrenni. Einnig á vatnasviði Skjálfandaflljóts, Tungnaár ofan Sigöldu, Þjórsár neðan Búrfells, Efri hluta Skaftár og Vestari- og Austari Jökulsár í Skagafirði.
- 3) . . . Önnur raforkufyrirtæki hafa sótt um rannsóknarleyfi á Reykjaneskaga, í Reykjadalum, í Rangárfingi ytra, í Kerlingafjöllum, í Brennisteinsfjöllum, á Vatnasviði Hólmsár í Skaftárhreppi, á vatnasviði Austari-og vestari Jökulsár í Skagafirði, Skjálfandaflljóti, á og við Grændal og í Fremrinámum.
- 4) . . . rannsóknir kosta mikið fé. Reynslan sýnir að lítið er því til fyrirstöðu að orkufyrirtæki fái rannsóknar- og leitarleyfi sem þau sækja um. Fyrirtæki sem hafa eytt miklu fé í rannsóknir eru nánast aldrei tilbúin að pakka saman og fara að rannsóknnum loknum. Rannsóknir á orkuauðlindum eru því ekkert annað en upphaf virkjanaf framkvæmda.
- 5) . . . svæði sem hefur verið rannsakað er ekki lengur óspjölluð náttúra því rannsóknnum fylgja umtalsverð náttúruspjöll, eins og til dæmis vegaframkvæmdir, mannvirki, borholur og leiðslur.
- 6) . . . vatnsaflsorka er ekki endilega græn orka. Rannsóknir sína að gróður rotnar í uppistöðulónum og upp gufa gróðurhúsaloftegundir auk þess sem steinefni jökuláa bindast kalki í sjónum og mynda efnasamband sem dregur úr gróðurhúsaloftegundum. Með því að virkja jökulár er þetta ferli eyðilagt.
- 7) . . . jökulár á Íslandi draga úr gróðurhúsaáhrifum til jafns við 25% af ám Afríku. (*Úr skýrslu Landsvirkjunar*)
- 8) . . . mengun af jarðvarmavirkjunum er tölvuverð, Hellsheiðarvirkjun losar 11.000 tonn á ári af brennisteinsvetni. Það er meira en eitt stykki rísaálver losar af brennisteinsdíoxíði.
- 9) . . . frá jarðvarmavirkjunum rennur arsenikmengun og ekki er enn vitað hvort sú mengun sem kemur frá Hellsheiðarvirkjun muni renna í átt að Gvendarbrunnum, en áfram er haldið samt.
- 10) . . . einungis 15% af orku jarðvarmavirkjana er nýtanleg. 85% er heitt vatn sem engin þörf er fyrir.
- 11) . . . með áætluðum álversframkvæmdum á Reykjanesi og rafskautaverksmiðju í Hvalfirði mun Faxaflóasvæðið verða eitt mengaðasta svæði Norður Evrópu.
- 12) . . . á Reyðarfirði mátti ekki starfrækja litla fiskimjölsverksmiðju að sumarlagi vegna mengunar en þar má bygja 420.000 tonna álver.
- 13) . . . álverið á Reyðarfirði mun losa jafn mikið af koltvísýringi CO₂ út í andrúmsloftið og allur bílafloki Íslendinga. Ekki er hægt að draga úr koltvísýringismengun CO₂ frá álverum.
- 14) . . . áliðnaðurinn er orkufrekasti iðnaður heims, Reyðarálf þarf 4,7 teravattstundir af raforku á ári.
- 15) . . . til að knýja allan bílafloka landsmanna með vetni þarf aðeins 1,5 teravattstundir á ári.
- 16) . . . raforkulofoð stjórnvalda til stóriðju eru 50 teravattstundir á ári. Til að standa við þessi raforkulofoð þarf að virkja allar helstu ár Íslands auk þess að nýta flest okkar fegurstu háhitasvæði.
- 17) . . . Bandaríkjamenn urða um 800.000 tonn af áldósum sem ekki fara í endurvinnslu ár hvert. Það dugar til að endurnýja flugvélaflota þeirra fjórum sinnum. Til að endurvinnna ál þarf einungis 5% af þeirri raforku sem þarf til að framleiða nýtt.
- 18) . . . með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar munu 80% af framleiddri raforku á Íslandi fara í 3 erlend stóriðjufyrirtæki; Alcan: álverið í Straumsvík, Century Aluminium: álverið á Grundartanga og Alcoa: álverið á Reyðarfirði.

- 19) . . . ráðstefnum erlendis auglýsir iðnaðar- og viðskiparáðherra Íslendinga sem ódýrt vinnuafli og býður orkuuauðlindir okkar á útsöluverði í þeim tilgangi að lokka stóriðjufyrirtæki til landsins.
- 20) . . . Alcoa græðir til dæmist fjórum sinnum meira á því að framleiða ál á Íslandi en það græddi á sömu framleiðslu í Þýskalandi, ástæðan er lágt orkuverð hérlendis.
- 21) . . . Vegna óhagstæðra rekstrarskilyrða hafa íslensk hugbúnaðar- og hátækniyrirtæki flutt starfsemi sína úr landi, á meðan erlendri stóriðju eru boðin góð rekstrarkjör á öllum sviðum. Sjávarútvegur og aðrar útflutningsgreinar þjást meðal annars vegna ruðningsáhrifa af stóriðjuframkvæmdum.
- 22) . . . að fjöldamörg útflutningsfyrirtæki, þar á meðal sjávarútflutningsfyrirtæki hafa orðið gjaldþrota vegna mikillar þenslu sem rakin er til stóriðjuframkvæmda, þar á meðal fyrirtæki á Reyðarfirði.
- 23) . . . hægt hefði verið að greiða niður orkuverð til garðyrkjubænda í stað þess að hækka það eins og gert var með nýjum orkulögum. Nú standa gróðurhúsin tóm og niðurnidd vegna þess að allt kapp var lagt á að greiða niður orkuna til Alcoa og annarra erlendra álfyrirtækja.
- 24) . . . Alcoa hefur margofit verið kært fyrir stórfelld náttúruspjöll með því að huga ekki að öryggiskröfum bæði á landi og sjó. Þeir hafa alltaf lofað að gæta fyllsta öryggis, en svo svikið það. Af hverju ættu þeir ekki að svíkja okkur.
- 25) . . . Alcoa á stóran hlut í tveimur hergagnafyrirtækjum sem framleiða m.a. skriðdreka og eldflaugar.
- 26) . . . Alcoa en ekki óháðir sérfræðingar sjá um umhverfismat fyrir tilvondandi álver á Húsavík og í Reyðarfirði.
- 27) . . . miðhálandi Íslands er í dag stærsta ósnortna landsvæði í Evrópu.
- 28) . . . Kárahnjúkastífla og Háslón eru stærstu umhverfisspjöll Íslandssögunnar í einni aðgerð af mannavöldum.
- 29) . . . Kárahnjúkastífla er byggð á virku sprungusvæði og hamfarahlaup eru nánast óhjákvæmileg. "Háslón ætti að flokkast sem náttúruvá sem getur leitt af sér hamfarahlaup. Kárahnjúkavirkjun er mikil áhættuframkvæmd og í versta falli lífshættuleg þeim sem næst Jöklu búa.," (*úr skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings*)
- 30) . . . efasemdaraddir gerast sífellt ágengari meðal verkfræðinga um hvort að Háslón muni halda vatni þegar því verður hleypt á í september næstkomandi.
- 31) . . . Háslón verður 57 km² að stærð - áhrifsvæði framkvæmdanna er 3000 km².
- 32) . . . umhverfisáhrif Háslóns eru óafturkræf. 90% af umhverfisspjöllum af völdum framkvæmda mun ekki verða fyrir en lónið verður fyllt.
- 33) . . . hitastig í Lagarfljóti mun lækka um eina gráðu, þetta mun hafa áhrif á Hallormstaðaskóg, lífríkið í vatninu og umhverfið í Fljótsdal. Fallegi litur lagarins mun hverfa, vatnið verða fullt af leðju og gruggi. Enginn veit hvað verður um hinn sérstæða lax sem heldur sig til í leginum eða hvaða áhrif þetta muni hafa á lífríkið í vatninu.
- 34) . . . baráttan um að bjarga Íslandi frá frekari umhverfisspjöllum varðar okkur öll. Mengun á sér engin landamæri
- 35) . . . Í Gallup könnun frá nóvember 2005 þótti einungis 10% þjóðarinnar mikilvægast að byggja upp stóriðju. 46,7% þótti mikilvægast að byggja upp þekkingar- og hátækniíðnað.

Kárahnjúkavirkjun er stórkostlegt umhverfisslys. Látum ekki blekkjast í annað sinn. Kynnum okkur málið, tökum ábyrga afstöðu. Verjum landið okkar áður en það er um seinan.

Fulltrúi Alcoa hefur lýst því yfir að ef 80% þjóðarinnar væru á móti veru þeirra bér, myndu þeir fara. 80% Íslendinga 18 ára og eldri eru u.þ.b. 150.000 manns. Gefum þeim 150.000 undirskriftir!




Hvað getur þú gert?

Pú getur: Tekið þátt í **fjölskyldudögum við Snæfell, 21.-31. júlí.**
Sumarfrí á fjöllum

Pú getur: Skrifað undir áskorun til stjórnvalda um verndun náttúruauðlinda og virkjun hugvits á Íslandi, gegn frekari stóriðjuframkvæmdum.

Tekur 1 mínútu, þín gjöf til framtíðar

www.islandsvinir.org



Þeir sem vilja taka þátt í undirbúningi, skipulagningu eða fá nánari upplýsingar geta haft samband við aðra Íslandsvini með tölvupósti á netfangið:
islandsvinir@riseup.net

*Kynnum okkur málið,
tökum ábyrga afstöðu.*
www.savingiceland.org,
www.natturvaktin.com,
this.is/nature

